

**77** til slíks, þykir því eigi ástæða til að skylda hreppsnefnd Þorkelshólshrepps til slíks, heldur verði framfærsluhreppurinn að gjöra það, eptir því sem honum þykir við eiga.

Oddviti Þorkelshólshrepps hefir gefið skýrslu um eigur Guðlaugar, eptir því sem hann hefir getað fengið upplýsingar um, og eptir að hreppsnefnd Þverárhrepps hefir haft tækifæri til að láta uppi álit sitt um þetta atriði, verður eigi alítið að neitt af eignum Guðlaugar hafi misfarist frá því að hún var tekin til umönnunar af Þorkelshólshreppi, og í annan stað hafa með því fengist fullnægjandi upplýsingar um það, að eigurnar voru svo litlar að þær hefðu lítið hrokkið til framfæris Guðlaugu í veikindum hennar, eins og sýslumaður á sínum tíma aflaði sjer upplýsinga um, er hann lagði fyrir hreppsnefnd Þorkelshólshrepps að sjá um Guðlaugu.

Af meðlaginu 455 kr. hafa verið greiddar 30 kr. af eignum Guðlaugar og 5 kr. af bræðrum hennar, og stendur þá eptir 420 kr.

Samkvæmt framanrituðu er hreppsnefnd Þverárhrepps hjermeð gjört að skyldu að borga þessar eptirstöðvar að upphæð 420 kr. sem meðlag með Guðlaugu Skarphjedsinsdóttur til sveitarsjóds Þorkelshólshrepps.

Það er vítavert í máli þessu, að hreppsnefnd Þverárhrepps dró að svara brjefi oddvitans í Þorkelshólshreppi, dags. 5. nóvbr. 1896, um nærri 5 mánuði, án þess að hún hafi í nokkru rjettlætt þennan drátt, og eunfremur er það vítavert af hreppsnefnd Þverárhrepps, að hún hefir eigi látið í tje upplýsingar í þessu máli, sem heimtaðar hafa verið af henni og sem henni annaðhvort hefir verið fullkunnugt um, eða að minnsta kosti mjög auðvelt að afla sjer.

78

## Almenn reglugjörð

### um fjallskil fyrir Vestur-Skaptafellssýslu.

#### Amtsráðið í Suðuramtinu

**gjörir kunnugt:** Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á fyrnefndum lögum, 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

### Almenn reglugjörð

#### um fjallskil fyrir Vestur-Skaptafellssýslu,

sem samin er af sýslunefndinni í tjedri sýslu, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1899.

#### I. Um upprekstur og notkun afrjettar.

##### 1. gr.

Allur geldur sauðfjenadur, trippi og stóðhröss skal á afrjett komið þegar 8 vikur eru af sumri, nema ótíð eða gróðurleysi banni, en lömb og dilkær viku eptir fráfrætur, enda sje þá venjulegum grenjaleitum lokið. Reka skal í afrjett miðja, nema afrjettareigandi eða hreppsnefnd hafi öðruvísi mælt fyrir. Heimalönd þau er heimild er fyrir að nota til upprekstra, skal í þeim efnun, er að fjallskilum lúta sköða sem afrjetti, enda sjeu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeigendum sjálfum. Um eignartakmörk afrjetta og heimalanda fer að öðru leyti eptir því, er lög ákveða.

## 2. gr.

Nú vill eigandi eða umráðamaður jarðar nota heimaland sitt til upprekstra fyrir sjálfan sig eða aðra og skal hann fá til þess leyfi hreppsnefndar, er jafnframt kveður á, hve margt upprekstrarfje hann má taka í land sitt. Synji hreppsnefnd um leyfið, má bera málið upp fyrir sýslunefndinni, er leggur endilegan úrskurð á. En sje landeigandi óánægður með tölu þess fjár, er honum er leyfður upprekstur fyrir í heimalandi sínu, getur hann krafizt ítölu, er þá skal framkvæmd af dómkvöddum mönnum og eiður unninn að.

Kostnaður við ítöluna greiðist úr hreppssjóði, ef hún gengur nefndinni á móti, en ella af beiðandanum. — Hver sá, er notar heimaland sitt til upprekstrurs án þess heimild sje fengin til þess á þann hátt, er hjer segir, eða tekur fleira upprekstrarfje í land sitt, en heimild er fyrir, skal sæta sektum eptir þessari reglugjörð.

## 3. gr.

Nú liggja saman heimalönd hreppa, er ætla má að notuð verði til upprekstra eða sumarbeitar fyrir geldfje og skulu þá hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega gjöra ákvarðanir um notkun þeirra, svo og um smalanir og önnur fjárskil.

## 4. gr.

Fráfæring skal sitja í 3 sólarhringa heima eða í upprekstrarlandi.

Tamin hross má eigi reka í afrjett, nema hreppsnefnd leyfi. — Mannýgar nautkindur má alls eigi í afrjett reka og varðar 20—100 kr. sekt, ef gjört er, auk skaðabóta. Rjett er hreppsnefnd að láta handsama á kostnað eiganda slíkar nautkindur og færa heim til hans, ef reknar hafa verið í afrjett.

## 5. gr.

Nú rennur fje úr afrjett að sumri til, svo spillir engjum og málnytu, og geta þá búendur þeir, er hlut eiga að, borið sigupp um það við hreppsnefndina, er þá getur ákveðið dag, er reka skal fjeð til afrjettar og kvatt til nágranna. Það er skylda þeirra, er næstir búa afrjetti, að varna því eptir föngum, að afrjettarfje renni að sumri til fram í búfjárhaga.

## 6. gr.

Hver sá, er tekur upprekstrarfjenað til hagagöngu, skal skyldur til að gefa hreppsnefnd sinni, ef hún óskar þess, skriflega skýrslu um það á hverju vori, hve margt fje hann hefir tekið og af hverjum, svo og hve margra göngumanna hann eigi von frá fjáreigendum.

## II. Um fjármörk.

## 7. gr.

Sjerhver fjáreigandi skal hafa glögg eyrnamark á fje sínu. Hafa má auk þess brennimörk eða önnur glögg og skýlaus einkenni, ef mark verður óglögg.

78

8. gr.

Almenna markaskrá fyrir sýsluna skal semja 10. hvert ár og skal hún prentuð á kostnað sýslusjóðs. Fyrir prentun marks í skránni greiði hver mark-eigandi 50 aura í hvert sinn, er renna í sýslusjóð.

9. gr.

Nú vill einhver taka upp nýtt sauðfjármark og skal hann þá tilkynna það fyrir 20. júní oddvita hreppsnefndarinnar, en oddvitar hreppsnefndanna sendi fyrir júlí-lok ár hvert til sýslumanns skrá yfir nýupptekin mörk í hreppnum og birtir hann þau í opinberu blaði. Hinar sömu reglur gilda og fyrir þá, er flytja nýtt mark inn í sýsluna. Fyrir mörk, er þannig eru upptekin eða flutt inn, skal greiða 1 kr. til sýslusjóðs.

10. gr.

Eigi má í sýslunni marka neinn fjenað undir önnur eyrnamörk, en þau, er auglýst eru á þann hátt, er segir í 8. og 9. gr. Vanræki markeigandi að auglýsa mark sitt á fyrirskipaðan hátt, skal rjettarstjóri og hreppsnefnd, þegar til rjetta kemur, fara með fjenað hans, sem óskilafje; sanni eigandi að eyrnamarkið sjæ hans, skal afhenda honum fjeð gegn því, að hann greiði hið ákveðna gjald fyrir auglýsing marksins. Ef hann hefir átt markið eða tekið það upp áður en safnað var til markaskrár eða af ásettu ráði vanrækt að skýra frá því eptir 9. gr., skal hann að auki sæta sektum eptir þessari reglugjörð.

### III. Um fjallgöngur.

11. gr.

Þrennar skulu löggöngur á hverju hausti. Löggöngur skulu byrja í hverju afrjettarfjelagi um sig þá daga, er venja er til. Nú þykir hreppsnefnd ástæða til, að skipa göngur fyr en venjulegt er, vegna fjármarkaða eða iskyggilegs tíðarfars eða af öðrum ástæðum og skal hún þá kveðja búendur í hreppnum til fundar og bera þessa fyrirskipun undir atkvæði þeirra. Samþykki meirí hluti fundarmanna fyrirskipun nefndarinnar, skulu allir, er fjallskil eiga að gjöra í því fjelagi, skyldir að hlýða henni.

12. gr.

Með gönguseðlum skal hreppsnefnd kveðja menn fyrirfram til hverrar fjallgöngu og skulu þeir sendir bæ frá bæ um afrjettarfjellið með nægum fyrirvara. Í gönguseðlunum skal hreppsnefnd tilgreina hverjir leggja skuli menn á hvert afrjettarsvæði, nefna til gangnaforingja, svo og þá er sækja eiga fje í utanhreppsriettir. Skipa má hreppsnefnd aukagöngur, þegar hún álitur nauðsynlegt eða aðalgöngur hafa misheppnast.

13. gr.

Enginn fjäreigandi, sem löglega er sjálfs sín, getur skorazt undan að gjöra fjallskil í löggöngum þeim, er hjer eru ákveðnar, eptir niðurjöfnun hrepps-

nefndar. Bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum má hreppsnefnd veita undanþágu frá einni eða tveim göngum.

78

## 14. gr.

Hver sá, er óhlýðnast fyrirskipan hreppsnefndar um að gjöra fjallskil í einhverri af þessum löggöngum, eða sendir þann mann í göngu, er leitarforingi og meiri hluti leitarmanna álíta eigi liðgengan eða svo illa útbúinn að klæðnaði, reiðskjóta eða öðru, að hann sje óhæfur í gönguna, skal sæta sektum frá 5—50 kr. og að auki borga í sveitarsjóð skaðabætur fyrir gangnarof, eptir mati 2 óvilhallra manna, er sýslumaður útnefndir.

## 15. gr.

Gangnaforinginn á hverju afrjettarsvæði um sig skal skipa fyrir um, hvernig göngunum skal haga og hafa alla stjórn á þeim. Hann skal sjá um að fjársöfnin sjeu rekin til rjettar í góðri reglu og kveðja menn til að gæta safnsins, til þess er það er afhent vöktunarmönnum eða rjettarstjóra. Gangnamenn eru skyldir að hlýða gangnaforingjanum meðan á leitinni stendur, og til þess er safnið er afhent við aðalrjett og varðar óhlýðni sektum.

Gjöri gangnaforingi sig sekan í hirduleysi eða óreglu, skal hann sæta sektum.

## 16. gr.

Þar sem afrjettir tveggja eða fleiri hreppa liggja saman, svo að eigi skilja jöklar, stórar eða sandauðnir, er það skylda hreppsnefndanna, að láta göngurnar í þá afrjetti fara fram jafnhliða. Skulu gangnaforingjarnir skyldir til að haga göngunum svo, að leitarmenn, er næstir eru afrjettamótum, nái saman í leitinni og að samhliða sjeu smalaðar báðar afrjettir. — Rísi ágreiningur af þessu milli hreppsnefnda, sker sýslunefndin úr, eða oddviti hennar til bráðabirgðar.

## 17. gr.

Þar er hver maður skyldur að gjöra fjallskil, er hann notar afrjett eða upprekstrarland. Noti hann afrjett utan þess sveitafjelags, er hann er búsettur í, getur þó hreppsnefndin í því sveitarfjelagi, er fjáreigandi er búsettur í, gjört honum þar hálf fjallskil, til móts við aðra fjáreigendur í fjelaginu, ef nefndin álitur að afrjettin verði að öðrum kosti eigi vel smöluð.

## 18. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að byggð sjeu hentug skýli fyrir gangnamenn, þar sem þess er þörf og má greiða kostnað þann, er af því leiðir úr sveitarsjóði.

## 19. gr.

Heimilt skal hreppsnefnd ef hún álitur þess þörf, að fyrirskipa göngu á afrjett að vori til, til þess að smala geldfje til rúningar. Hið sama gildir og að því er snertir smölun til fráferna. Skal hreppsnefndin skipa fyrir um tilhögun á þessum göngum og um skil á fje því, er finnst.

## IV. Um smölun heimalanda.

## 20. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað almenna smölun geldfjár á vorin til rún-  
ingar og sömuleiðis almenna smölun til fráfaræna.

## 21. gr.

Fje það, er kemur fyrir fjarri eiganda eptir rúningartíma eða fráfarur,  
ef það er fje í ull eða ómörkuð lömb, er finnandi skyldur að handsama, ef hann  
getur, og skal hann rýja það, er í ull er, að því leyti hægt er, og marka lömb  
undir eyrnamark móður. Hann skal gjöra eiganda glögga grein fyrir og fyrir  
ómak sitt ber honum þóknun, er hreppsnefnd ákveður.

## 22. gr.

Hver maður, sem jörð hefir til ábúðar eða umráða skal skyldur til að  
smala vandlega heimaland sitt á haustum, svo opt sem hreppsnefnd fyrirskipar  
og það eins þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur.

Vanræki nokkur að smala heimaland sitt, getur hreppsnefnd látið smala  
það á kostnað hans, og greiðir hann þá að auki sekt, sem fyrir gangnarof  
eptir 14. gr.

## 23. gr.

Hreppsnefndin skal skipa fyrir um reglulegar göngur í heimalöndum,  
með samlögum búenda eptir því sem bezt hagar á hverjum stað. Allan þann  
fjenað, er eigi tilheyrir þeim er land á, skal skilvíslega reka til rjettar þeirrar,  
er það á að ganga til.

## 24. gr.

Hreppsnefndin skal hafa eptirlit með að heimalönd sjeu smöluð eptir  
rjettir á haustin og getur fyrirskipað almennar smalanir sama dag viku um all-  
an hreppinn. Skulu þá rekstrar ganga eptir töfludrætti bæ frá bæ, nema  
hreppsnefnd álíti annað haganlegra.

## 25. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða fje það, er finnst í landi hans, eptir að  
almennum smölunum er lokið, og reka til næsta bæjar á þeirri leið, er það á  
að ganga.

## 26. gr.

Fjárrekstrar, er ganga eiga bæ frá bæ, skulu áfram halda tafarlaust.  
Sleppi nokkur fjárreksti, tefji hann að óþörfu eða beiti illri meðferð við fjeð,  
skal hann sæta sektum.

## V. Um rjettir og rjettahöld.

## 27. gr.

Almenningsrjettir og lögrjettir skulu halda sjer, þær er nú eru. Vilji  
hreppsnefnd gjöra breyting á þessum rjettum er henni það heimilt, ef meiri  
hluti búenda í afrjettarfjelaginu er því samþykkur og sýslunefndin veitir leyfi  
til þess.

Hinar sömu reglur gilda og að því er snertir, hverja afrjett og heimalönd smala skuli til hveurrar rjettar.

## 28. gr.

Allir búendur eru skyldir að vinna að byggingu og viðhaldi rjetta, eptir því er hreppsnefnd fyrirskipar. Nægilegt dilksrúm skal hver búandi hafa og skal hreppsnefnd sjá um, að rjett og dilkar sjeu í góðu standi kveldinu fyrir hvern rjettardag og láta á kostnað þeirra, er hlut eiga að, bæta úr því, er áfátt kann að vera.

Hrossarjett fylgi hverri lögrjett, þar sem þörf er á, svo og dilkar fyrir utanhreppsfe, er hlutaðeigandi hreppar byggja og halda við.

## 29. gr.

Hreppsnefnd skipar rjettarstjóra, er hafa skal umsjón yfir fjárdrætti og skilum öllum í rjettinni, og skipa fyrir um öll störf, og getur hún ákveðið honum þóknun fyrir starf sitt, er greiða má úr sveitarsjóði. Hann skal vera kominn til rjettar í tæka tíð. — Óhlýðni við skipanir rjettarstjóra varðar sektum. Hverjum þeim manni, sem með hávaða, áflogum eða fyrir drykkjuskap truflar eða hindrar rjettarstörfin, getur hann vísað burt úr rjettinni og varðar slíkt sektum fyrir þann, er í hlut á.

## 30. gr.

Rjettarstjórinn skal skipa tvo áreiðanlega markglögga menn til að rannsaka fje það, er dregið hefir verið í utanhreppsdilka, áður en það er rekið frá rjettinni. — Enginn má hleypa út úr dilk, nema rjettarstjóri leyfi, enda sje þá allt fje í rjett komið.

Rjettarstjóri skal sjá um, að mönnum sje gefinn kostur á að láta mæður helga sjer ómerkinga. — Hann skal kveðja menn til að skoða úrgang í öllum rjettum og eptir hina síðustu rjett skrifa upp lýsing á óskilafje og birta í næstu hreppum, að því leyti kostur er á. — Hann skal, að því leyti þörf er á, koma útrtiningi fyrir í gæzlu milli rjetta og eptir síðustu rjett til þess sala fer fram.

## 31. gr.

Í eða við almenna fjárrjett má enginn blóðmarka kind.

## VI. Um óskilafje, eptirleitir o. fl.

## 32. gr.

Þegar lokið er síðustu rjett, skal rjettarstjóri senda hreppstjóra lýsing á því fje, sem í óskilum er og skal hreppstjóri gjöra ráðstafanir um sölu á því og auglýsa hana með hæflegum fyrirvara. Hreppstjóri skal nákvæmlega rannsaka við votta, hvort óskilafje er rjett lýst. Óskilafje, er finnast kann eftir rjettir, skal afhent hreppstjóra og gjörir hann ráðstafanir um sölu á því.

## 33. gr.

Fyrir lok hvers árs sendir hreppstjóri til þess manns, er sýslunefnd til-

- 78 nefnir, greinilega lýsing á öllu óskilafje, er selt hefir verið í hreppnum, en hann sendir skrá yfir seldan óskilafjenað í sýslunni til birtingar í opinberu blaði. Andvirði þess fjár, er enginn hefir fyrir septemberlok næstan á eptir helgað sjer, fellur í sveitarsjóð.

## 34. gr.

Um ómerkinga fer eptir Jónsbókar landsleigubáli 49.<sup>1</sup>

## 35. gr.

Nú vilja menn gjöra eptirleit þegar lokið er hinum almennu löggöngum og skulu þeir fá til þess leyfi hreppsnefndar. Fje það, sem finnst í eptirleitum, skal virða af 2 óvilhöllum mönnum, er hreppsnefnd kveður til þess. Borgun fyrir eptirleitafje má eigi fara fram úr  $\frac{1}{3}$  af andvirði fullorðins fjár, en  $\frac{1}{2}$  af lömbum. Skyldir eru landeigendur að bjarga fje úr ógöngum, ef hægt er. Bjarglaun fyrir fje, er náð hefir verið úr ógöngum ákveður hreppsnefnd eptir atvikum.

Fyrir fje, sem finnst í heimalöndum eptir söfn, borgast enginn gangnatollur.

## VII. Um framkvæmd reglugjörðarinnar.

## 36. gr.

Sýslunefndin hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála í sýslunni. Undir hennar úrskurð má skjóta sjerhverjum ágreiningi, er rísa kann út af þessari reglugjörð, að svo miklu leyti hann eigi heyrir undir dómsúrslit. Oddviti sýslunefndarinnar getur til bráðabirgðar skorið úr öllum þeim málum, er undir nefndina eru borin, ef hlutaðeiendur óska þess. Enginn getur með áfrýjun til sýslunefndar skotið sjer undan hlýðni við þá fyrirskipan, er hann kærir yfir.

## 37. gr.

Hreppsnefndirnar hafa á hendi framkvæmd reglugjörðarinnar í hinum einstöku atriðum. Það er skylda hreppsnefndanna að fylgja nákvæmlega fyrir-mælum reglugjörðarinnar og hafa strangt eptirlit með að hún sje eigi brotin. — Um þau atriði viðvíkjandi framkvæmd reglugjörðarinnar, er sjerstakleg eru fyrir hvern hrepp, eða hvert afrjettarfjelag, getur hreppsnefnd með ráði búenda samið fastar almennar reglur og lagt þær undir samþykki sýslunefndar. Þær reglur mega eigi fara í bága við þessa reglugjörð nje raska rjettahöldum eða fjárskilum hreppa milli í sýslunni. Um fjárleitir í Skaptáreldhrauninu, skulu oddvitarnir í Kirkjubæjar- Leiðvallar- og Skaptártunguhreppum gjöra nánari fyrirskipanir í samræmi við þessa reglugjörð.

1) Nú villast dilkar (ómarkaðir, sem móðir mörkuð eigi ber vitni um) í rjett, — — — þá skal bóndi sá, er rjettina varðveitir sýna grönnum sínum dilka þá, áður hann leggur sitt mark á (að síðustu rjett) og eignast hann þá. En ef þaðan af ganga dilkar ómerktir, þá má svo gjöra hver maður í sínu landi, hvar sem þeir kunna fram að koma, sá er sauði á. — Nú finnur maður fje ómarkað í almenningi eptir síðustu rjett, það, sem móðir mörkuð ber eigi vitni um, þá eignast sá það fje, er finnur.

## 38. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fela einum eða tveim kjörnum mönnum úr sínum flokki allar framkvæmdir í fjallskilamálum, er hreppsnefndin eptir þessari reglugjörð hefir á hendi.

## 39. gr.

Brot gegn þessari reglugjörð varða, þar sem ekki er annað sjerstaklega ákveðið, sektum frá 2—100 kr., er renna í sveitarsjóð.

Með mál, er af slíkum brotum rísa, skal farið sem almenn lögreglumál.

Amtsráð Suduramtsins, Reykjavík, 6. dag júlím. 1899.

*J. Havsteen.*

## Reglugjörð

79

fyrir Austur-Barðastrandarsýslu um fjallskil, eyðing refa o. fl.

Amtsráðið í Vesturamtinu

**gjörir kunnugt:** Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á fyrnefndum lögum, 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

### Reglugjörð

*fyrir Austurbarðastrandarsýslu um fjallskil, eyðingu refa o. fl.,*

sem samin er af sýslunefndinni í nefndri sýslu, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. september 1899.

#### I. Stjórn.

##### 1. gr.

Málefni þau, sem þessi reglugjörð á við, standa undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Austurbarðastrandarsýslu, hverrar í sínum hreppi. Þær eiga að gæta þess, að reglugjörðinni sje hlýtt, og að þeir, sem brjóta móti henni, verði kærðir.

##### 2. gr.

Sýslunefnd Austurbarðastrandarsýslu hefir yfirstjórn alla. Til hennar má skjóta öllum úrskurðum og ráðstöfunum hreppsnefndanna. Þó verður sjerhver þegar að hlýða fyrirskipunum hreppsnefndarinnar, hvort sem hann áfrýjar þeim eða ekki, en áltí sýslunefnd að honum hafi verið órjettur gjör og hann haft skaða af, ákveður hún honum sanngjarnar bætur úr sveitarsjóði.

#### II. Um sauðfjármörk og markaskrár.

##### 3. gr.

Hafa skal sjerstakt brennimark fyrir hvern hrepp í sýslunni, og skal brennimerkja með því allar hyrndar kindur á vinstra horni. Hreppsnefnd skal sjá um, að til sjeu að minnsta kosti 5 slík brennimörk í hverjum hreppi, er